

Skýrsla Tölvunefndar LH fyrir starfsárið 2023

Tölvunefnd hefur haldið 9 fundi á árinu 2023, alla á Teams. Að auki sátu nefndarmenn fundi bæði með forriturum RML og Horseday fyrirtækinu. Sem fyrr fundar Þórður reglulega með forriturum RML og þegar þetta er ritað eru þeir fundir orðnir 14 á árinu. Samstarfið við forritarana gengur vel en framgangur breytinga í Sportfeng mætti ganga betur það sem skiptir mestu máli í því sambandi er að betur verði skilgreint en nú er hvaða þjónustu RML á að veita okkar fyrir þau notendagjöld sem við greiðum vegna SportFengs og þá einnig hvaða verkefni og þjónusta er þar fyrir utan og við þurfum þá að kaupa af þeim aukalega (eða af öðrum). Í vor var nýr samningur undirritaður við RML varðandi Sportfeng þar sem þjónustustig og gjöld vegna Sportfengs voru færð í samning. Eins og venjulega hafa fjölmargar lagfæringar og viðbætur verið gerðar á SportFeng á árinu, sumar smáar en aðrar stærri. Þær stærstu á þessu ári varða innleiðingu gæðingalistarinnar sem og tengingar við Horseday (sjá neðar).

Tengingar Sportabler og Sportfengs voru innleiddar og gengu þær ágætlega þrátt fyrir smá byrjunarörðugleika.

LH og Horseday gerðu með sér samning um að þróa virknina „Mót“ innan smáforritsins HorseDay og er því ætlað að koma í stað LH Kappa, með það það fyrir augum að endurbæta verulega útlit og tæknilega virkni. LH Kappi hefur reynst hestamönnum og mótshöldurum vel en kominn var tími á uppfærslu á forritinu. HorseDay hefur verið í miklum vexti síðan það var sett á laggirnar 2020 og er markmiðið að bæta aðgengi að upplýsingum um niðurstöður móta. Mikið af vinnu tölvunefndar fór í að koma þessum samningi á milli Horseday og LH. Það er von nefndarinnar að þetta skref verði til þess að upplifun notanda af úrslitum móta komist á annað stig.

Auk undirritaðs skipar nú þetta öndvegisfólk tölvunefnd: Björk Guðbjörnsdóttir, Jón Geir Sigurbjörnsson, Þórður Ingólfsson, Oddur Hafsteinsson, Sóley Margeirsdóttir og Valdimar Snorrason.

Október 2023,

Ólafur Gunnarsson, formaður.